



Innleiðing styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnustarfsfólki

Undirbúningur innleiðingar styttingar vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg hefur verið í fullum gangi undanfarnar vikur. Áherslan hefur verið að útbúa leiðbeiningar og fræðsluefni fyrir starfsfólk og stjórnendur og má finna það efni á síðu Reykjavíkurborgar reykjavik.is/betrivinnutimi.

Innleiðing betri vinnutíma hjá dagvinnustarfsfólki hefst 23.september og stefnt er að eftirfarandi skrefum næstu vikunnar:

- | | |
|--|---------------------|
| 1. Stjórnendur óska eftir tilnefningum í vinnutímahópa starfsstaða | Hefst 23.sept. |
| 2. Vinnutímahópar starfsstaða hefja störf | |
| 3. Umbótasamtöl innan starfsstaða | Verði lokið 16.okt. |
| 4. Samráðsfundir starfsstaða með sambærilega starfsemi | Verði lokið 25.okt. |
| 5. Tillaga um fyrirkomulag og útfærslu styttingar tilbúin | Verði lokið 2. nóv. |
| 6. Atkvæðagreiðsla um tillögu um fyrirkomulag styttingar og útfærslu | Verði lokið 10.nóv. |
| 7. Innleiðing styttingar hjá dagvinnustarfsfólki | Verði lokið 1.jan. |

Á starfsstöðum dagvinnustarfsfólks mun styttingin byggja á samtali starfsfólks og stjórnenda um hvernig nýta megi vinnutímann betur jafnframt því sem samið er um breytingar á fyrirkomulagi neysluhléa. Umbótasamtölin sem eiga að vera tekin innan hvers starfsstaðar felast í að ræða og skoða verklag, vinnufyrirkomulag, hvar sóknarfæri liggja og hvernig er hægt að gera hlutina með öðrum hætti og mögulega hugsa hlutina upp á nýtt.

Fyrirspurnir og spurningar sem vakna við framkvæmdina sendist á netfangið betrivinnutimi@reykjavik.is